

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja nr. 304 16. júní 1981.

3. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Vatnsveitan leggur til vatnsmæla í hvert hús (hverja íbúð) og skal notandi greiða kr. 2,30 fyrir hvern teningsmetra vatns.

Notkunargjald þetta innheimtir Rafveita Vestmannaeyja á tveggja mánaða fresti, og annast mælaaflestur.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Greiðsla fyrir vatn, sem afgreitt er til skipa og báta í Vestmannaeyjahöfn, skal vera kr. 455.00 fyrir hvern teningsmetra, og auk þess kr. 45.00 í afgreiðslugjald, ef vatnið er afgreitt frá kl. 08.00—17.00 á virkum dögum en kr. 90.00 ef afgreiðsla fer fram á öðrum tímum.

Vatn til skipa skal staðgreitt, nema um annað hafi verið samið fyrir fram. Skip, sem fengið hefur vatn afhent, má ekki, að viðlögðum sektum, fara úr höf fyrr en vatnið er greitt eða um greiðslu hefur verið samið.

13. gr. gjaldskrárinnar falli niður og breytist töluröð annarra greina samkvæmt því.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur samið og samþykkt staðfestist hér með skv. lögum nr. 15/1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 24. júlí 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

24. júlí 1981.

Nr. 458.

REGLUGERÐ

um afnám reglugerðar nr. 131 8. maí 1968, um notkun rotvarnarefna til geymslu á síld, loðnu og öðrum bræðslufiski.

1. gr.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð nr. 131 8. maí 1968, um notkun rotvarnarefna til geymslu á síld, loðnu og öðrum bræðslufiski.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 92 3. maí 1935, um meðferð, verkun og útflutning á sjávarafurðum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 24. júlí 1981.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.